

Akraneskaupstaður  
Sævar Þráinsson

Akranes 10. október 2022

Nú er hafin undirbúningur á Þorablóti okkar Skagamanna 2023 sem verður haldið laugardaginn 21. Janúar næstkomandi. Fyrirhugað er að halda blótið í íþróttahúsinu við Vesturgötu eftir tveggja ára hlé á þeirri samkomu.

Stuðningur Akraneskaupstaðar hefur verið mikilvægur í okkar vinnu og undirbúning og leitum við nú til bæjarins með einhverskonar stuðning í huga.

Þorablót Skagamanna er einn stærsti viðburður á Akranesi ár hvert. Blótið 2023 er það þrettánda í röð, en síðustliðin tvö ár hefur blótið verið haldið í streymi við frábærar undirtektir.

Mikið er lagt í skemmtun kvöldsins. Akraneskaupstaður velur Skagamann ársins sem telst vera einn mesti heiður sem einstaklingi/hóp er veittur er á hverju ári. Sá árgangur sem er 40 ára á nýliðnu ári fer yfir árið í annál ársins, nokkurskonar “skaupi” okkar Skagamanna. Skemmtiatriði verða í bland heimaatriði eins og leiknar auglýsingar sem og atriði frá þjóðþekktum einstaklingum.

Allur ágóði af blótinu rennur til ýmissa íþrótta- og félagsstarfsemi í bænum.

Virðingarfyllst,

Sjötíu og níu menningarfélag